



HRUNAMANNAHREPPUR

34. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

KJÖRTÍMABILID 2010 – 2014 1. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 10. JANÚAR 2013

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 10. janúar 2013 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Samþykktir Hrunamannahrepps.
2. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi.
3. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.
4. Fjárhagsáætlun 2013-2016.
5. Listasafn Árnesinga: Skuldbreyting lána.
6. Bakkatúnsvegur.
7. Sýslumaðurinn á Selfossi: Ósk um umsögn vegna endurnýjunar veitingaleyfis á Útlaganum.
8. Félag sumarhúsaeigenda í Heiðarbyggð II. Fyrirspurn.
9. Brunavarnir Árnessýslu: Leigusamningur vegna slökkvistöðar á Flúðum.
10. Minjasafn Emils Ásgeirssonar: Viljayfirlýsing.
11. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (hlutverk Jöfnunarsjóðs).
12. Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.
13. Samband Garðyrkjubænda: Ósk um fjárhagslegan stuðning vegna rafmagnsmála garðyrkjunnar.
14. Göngustígar á Flúðum.
15. Innkoma Ásahrepps í Skipulags- og Byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Fundargerð 1. fundar vegna stefnumótunar fyrir félagsmiðstöðina Zero, frá 28. nóvember.
17. Fundargerð 2. fundar vegna stefnumótunar fyrir félagsmiðstöðina Zero, frá 10. desember.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

18. 54. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 20. desember, 90. og 91. afgreiðslufundur byggingafulltrúa frá 29. nóvember og 19. desember.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Almannavarnanefnd Árnessýslu: Fundargerð 13. fundar frá 14. desember s.l.
- b. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 91. fundar fulltrúaráðs frá 13. desember s.l.
- c. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 107. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.
- d. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 143. fundar stjórnar frá 17. október s.l.
- e. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 144. fundar stjórnar frá 7. desember s.l.

Kynningarmál:

- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Lagabreytingar sem snerta sveitarfélögin.
- g. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Frumvarp til laga um gatnagerðagjald (framlenging gjaldtökuheimildar).
- h. Héraðsnefnd Árnesinga: Tillaga fulltrúa í framkvæmdastjórn og fagráð á vegum Héraðsnefndar Árnesinga.
- i. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Skólaakstur í dreifbýli.
- j. Creditinfo: Fjölmiðlavaktin.

- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Áhrif nýrra upplýsingalaga á sveitarfélög með færri en 1.000 íbúa.
- l. Skipulagsstofnun: Umsögn um beiðni um undanþágu frá gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð vegna staðsetningar þjónustuhúss við Ásgarsá, í hálandismiðstöðinni Ásgarði í Kerlingarfjöllum.
- m. Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna minkaveiða.
- n. Skipulagsstofnun: Svör við athugasemdum við auglýsta tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2014.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 802. fundar frá 12. desember s.l.
- p. Árni Gunnarsson, staða mála varðandi Heilsuþorp.
- q. Samkeppniseftirlitið: Kynning á tilmælum til sveitarfélaga.
- r. Skógræktarfélag Íslands: Ályktanir aðalfundar.
- s. Innanríkisráðuneytið: Löggæsla Árnessýslu.
- t. Brunavarnir Árnessýslu og Hrunamannahreppur.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Samþykktir Hrunamannahrepps. (fyrri umræða)**
Oddviti kynnti drög að nýjum samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps í samræmi við ný sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra, Ragnari Magnússyni og Gunnari Þór Jóhannessyni að fara sameiginlega yfir drög að nýjum samþykktum og útfæra textann og leggja síðan fyrir hreppsnefnd.
2. **Siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti siðareglur kjörinna fulltrúa Hrunamannahrepps sem setja þarf skv. 29. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Hreppsnefnd samþykkir að fresta afgreiðslu á siðareglum þar til nýjar samþykktir fyrir sveitarfélagið verða endanlega samþykktar.
3. **Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. (fyrri umræða)**
Oddviti kynnti drög að nýjum samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir að vísa nýjum samþykktum til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og að seinni umræða fari fram á næsta fundi hreppsnefndar.
4. **Fjárhagsáætlun 2013-2016.**
Sveitarstjóri fór yfir breytingar á fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2013 en í ljós hefur komið reikningskekkja í áður framlögðum gögnum. Rétt niðurstaða er sú að rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um kr. 5.942.000 og rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um kr. 12.695.000. Hreppsnefnd samþykkir fjárhagsáætlun 2013 með þessum breytingum.
5. **Listasafn Árneseinga: Skuldbreyting lána.**
Oddviti kynnti erindi frá Héraðsnefnd Árneseinga um skuldbreytingu lána vegna Listasafns Árneseinga.
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Listasafns Árneseinga, kt. 511076-0729, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 15.500.000, í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Héraðsnefnd Árneseinga, sem er eigandi Listasafns Árneseinga. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að endurfjármagna óhagstæðari lán sem tekin voru árið 2003 til að fjármagna húsnæði listasafnsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.
Sveitarstjórnin samþykkir jafnframt að eignarhald að Listasafni Árneseinga og/eða Héraðsnefnd Árneseinga megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila á meðan lánið er ekki að fullu greitt.
Fari svo að Hrunamannahreppur framselji eignarhlut í Listasafni Árneseinga og/eða Héraðsnefnd Árneseinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

6. **Bakkatúnsvegur.**

Oddviti kynnti niðurstöðu dóms Hæstaréttar í málinu 329/2012 Hrunamannahreppur gegn Árna Hjaltasyni. Þá fór oddviti yfir viðræður sem farið fram með hagsmunaaðilum á svæðinu. Hreppsnefnd samþykkir í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar að falla frá kröfu Hrunamannahrepps um eignarnám á landi undir Bakkatúnsveg sem tekin var ákvörðun um, annars vegar þann 5. nóvember 2008 og hins vegar þann 7. janúar 2009. Þá verði einnig dregið til baka mál sem rekið er hjá Matsnefnd eignarnámsbóta. Jafnframt er sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við alla hagsmunaaðila vegna Bakkatúnsvegar um breytingar á vegstæði o.fl. atriði sem tengjast málinu.

7. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Ósk um umsögn vegna endurnýjunar veitingaleyfis á Útlaganum.**

Oddviti kynnti bréf frá Sýslumanninum á Selfossi þar sem óskað er eftir umsögn vegna endurnýjunar veitingaleyfis á Útlaganum. Hreppsnefnd samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um.

8. **Félag sumarhúsa eigenda í Heiðarbyggð II. Fyrirspurn.**

Oddviti kynnti erindi frá Félagi sumarhúsa eigenda í Heiðarbyggð II þar sem óskað er eftir upplýsingum um fasteignaskatt. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að svara erindinu.

9. **Brunavarnir Árnessýslu: Leigusamningur vegna slökkvistöðar á Flúðum.**

Oddviti kynnti leigusamning vegna slökkvistöðvar á Flúðum milli Hrunamannahrepps og B.Á. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

10. **Minjasafn Emils Ásgeirssonar: Viljayfirlýsing.**

Oddviti kynnti viljayfirlýsingu frá börnum Emils Ásgeirssonar í Gröf þar sem óskað er eftir að ganga til samninga við Hrunamannahrepp um skilmála afhendingar á safninu til hreppsins. Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita að senda erindi til oddvitanefndar uppsveita um mögulegt samstarf um verkefnið.

11. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (hlutverk Jöfnunarsjóðs).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um tekjustofn sveitarfélaga (hlutverk Jöfnunarsjóðs).

12. **Landgræðsla ríkisins: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.**

Oddviti kynnti beiðni frá Landgræðslu ríkisins um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið. Hreppsnefnd samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 25.000.

13. **Samband Garðyrkjubænda: Ósk um fjárhagslegan stuðning vegna rafmagnsmála garðyrkjunnar.**

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi Garðyrkjubænda þar sem óskað er eftir fjárhagslegum stuðningi vegna rafmagnsmála garðyrkjunnar. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 250.000 og skal þeim útgjöldum mætt með lækkun á rekstarhagnaði sveitarfélagsins skv. fjárhagsáætlun.

14. **Göngustígar á Flúðum.**

Oddviti kynnti erindi frá Estheri Guðjónsdóttur og Gunnari Þór Jóhannessyni þar sem lagt er til að farið verði í lagfæringar á gönguleiðum í nágrenni Heimalands á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að leita leiða til að bæta aðgengismál að Heimalandi.

15. **Innkoma Ásahrepps í Skipulags- og Byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs.**

Oddviti kynnti bókun Ásahrepps vegna samkomulags um aðkomu Ásahrepps að Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. en Ásahreppur staðfestir samkomulagið. Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti aðkomu Ásahrepps að embættinu og felur oddvita að sjá um frágang málsins.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Fundargerð 1. fundar vegna stefnumótunar fyrir félagsmiðstöðina Zero, frá 28. nóvember.

Oddviti kynnti fundargerð vegna stefnumótunar fyrir félagsmiðstöðina Zero. Þar er unnið út frá 5 þáttum sem fram komu á íbúáþingi 2012. Farið var yfir þau gögn sem kunna að nýtast við gerð stefnunar, einnig var ákveðið að skoða gerð forvarnarstefnu fyrir sveitarfélögin. Rætt var um hve mikilvægt sé að skipulag starfsins sé unnið í samvinnu við önnur félög sem vinna með börnum og unglingum. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.

17. Fundargerð 2. fundar vegna stefnumótunar fyrir félagsmiðstöðina Zero, frá 10. desember.

Oddviti kynnti fundargerð vegna stefnumótunar fyrir félagsmiðstöðina Zero. Farið var yfir drög að stefnu í æskulýðs- og forvarnarmálum og breytingar gerðar. Samþykkt að senda drögin til nefndarfólks til frekari skoðunar og athugasemdar og ganga frá endanlegri útgáfu í byrjun janúar. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

18. 54. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 20. desember, 90. og 91. afgreiðslufundur byggingafulltrúa frá 29. nóvember og 19. desember.

Oddviti kynnti fundargerð 54. fundar Skipulags- og bygginganefndar frá 20. desember. s.l. ásamt 90. og 91. afgreiðslufundum byggingarfulltrúa. Afgreiðsla einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp er eftirfarandi:

Nr. 3: Afgreiðslur byggingafulltrúa 2012.

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 90. afgreiðslufundar frá 29. nóvember og 91. afgreiðslufundar frá 19. desember 2012 en þar voru 8 mál sem snertu Hrunamannahrepp.

Að öðru leyti er fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Almannavarnanefnd Árnassýslu: Fundargerð 13. fundar frá 14. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 91. fundar fulltrúaráðs frá 13. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 107. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.** Lagt fram til kynningar
- d. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 143. fundar stjórnar frá 17. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 144. fundar stjórnar frá 7. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Lagabreytingar sem snerta sveitarfélögin.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Frumvarp til laga um gatnagerðagjald (framlenging gjaldtökuheimildar).** Lagt fram til kynningar.
- h. **Héraðsnefnd Árnesinga: Tillaga fulltrúa í framkvæmdastjórn og fagråd á vegum Héraðsnefndar Árnesinga.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Skólaakstur í dreifbýli.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Creditinfo: Fjölmíðlavaktin.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Áhrif nýrra upplýsingalaga á sveitarfélög með færri en 1.000 íbúa.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Skipulagsstofnun: Umsögn um beiðni um undanþágu frá gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð vegna staðsetningar þjónustuhúss við Ásgarsá, í hálendismiðstöðinni Ásgarði í Kerlingarfjöllum.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Umhverfisstofnun: Endurgreiðsla vegna minkaveiða.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Skipulagsstofnun: Svör við athugasemdum við auglýsta tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2014.** Lagt fram til kynningar.

- o. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 802. fundar frá 12. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Árni Gunnarsson, staða mála varðandi Heilsuþorp.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Samkeppniseftirlitið: Kynning á tilmælum til sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Skógræktarfélag Íslands: Ályktanir aðalfundar.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Innanríkisráðuneytið: Löggæsla Árnassýslu.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Brunavarnir Árnassýslu og Hrunamannahreppur.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:15.